

**UMSÖGN ARKITEKTAFÉLAGS ÍSLANDS UM FRUMVARP
TIL MANNVIRKJALAGA
ÞSKJ. 743-426. MÁL Á 138. LÖGGJAFABINGI (2009-2010).**

ALMENNAR ATHUGASEMDIR

Það er eðlileg krafa samfélagsins að lagasetning Alþingis sé skýr, almenn og aðgengileg. Það lagafrumvarp sem nú liggur fyrir um mannvirki uppfyllir ekkert af því.

Arkitektar hafa hvorki komið að gerð frumvarps til mannvirkjalaga eða verið meðal ráðgjafa við þá lagasmíð sem nú liggur fyrir. Arkitektar eru aðalhönnuðir mannvirkja og því ófrávikjanleg krafa að fulltrúar þeirrar stéttar taki þátt í lagasmíð er snertir starfsvið þeirra hvað mest og þar sem fagþekking þeirra er nauðsynleg til að heildarsýn náist.

Í lögnum er ekki vikið orði að fagurfræði, varanleika, notagildi né mikilvægi umhverfismótunar og góðrar byggingarlistar. Í þeim eru eingöngu tæknilegar skilgreiningar, með innskoti um sjálfbæra þróun.

Í þessu frumvarpi eru ríkar skyldur lagðar á eigendur mannvirkja. Þær skyldur eru ekki í neinu samræmi við skyldur eiganda varðandi aðrar eignir eða kaup á annarri þjónustu en ráðgjöf vegna mannvirkjagerðar. Það getur varla talist réttmætt að leggja þá ábyrgð og eftirlitsskyldu á eiganda að tryggja að þeir sem hann kaupir af vöru og þjónustu fari að lögum og reglum.

Samræmingaraðili sem sjálfstæður aðili að hönnunarferlinu er nýjung í þessu lagafrumvarpi. Röksemdafærsla fyrir þessu nýmæli stenst engan veginn. Þetta fyrirkomulag mun flækja samskipti milli hönnuða, auka hættu á mistökum og auka kostnað.

Kveðið er á um að hönnuðir, samræmingaraðili, byggingastjóri og iðnmeistarar hafi gæðastjórnunarkerfi. Þá hafi Byggingastofnun heimild til að gera úttekt á gæðastjórnunarkerfi þessara aðila eða fela það vottunarstofu. Ákvæði um gæðastjórnunarkerfi eru yfirkeyrð í þessum lagabálki og til þess fallin að flækja stjórnsýslu og auka kostnað við mannvirkjagerð og rekstur hins opinbera eftirlits. Réttindi þeirra sem um ræðir fela í sér að þeir uppfylla kröfur til að sinna verkum innan síns fagsviðs í samræmi við lög og reglur. Eðlilegt væri að lögin fælu í sér almennari skilgreiningar og vísuðu útfærslunni til reglugerðar. Ákvæði um gæðastjórnunarkerfi tryggir ekki að markmiðum lagana verði fullnægt. Einstakir framkvæmdaáðilar geta engu að síður farið fram á að þeir, sem þeir kaupir þjónustu af, hafi gæðastjórnunarkerfi þó ekki sé bundið í lög að allir hafi það. Krafa um gæðastjórnunarkerfi hjá öllum sem koma að mannvirkjagerð mun hindra eðlilega endurnýjun í þeim stéttum sem að henni koma og vera samkeppnishamlandi.

Til að ákvarðanataka og afgreiðsla hönnuða og embættismanna sé rétt verður hún að byggja á faglegri þekkingu. Réttindi til að gera aðaluppdrætti eru ekki bundin við þá sem hafa hæfi eða faglega menntun til þess. Byggingarfulltrúar skulu hafa réttindi sem hönnuðir skv. sömu ákvæðum. Það felur í sér að hönnun mannvirkja og samþykkt byggingaráforma getur verið án þess að hún byggi á faglegri þekkingu.

Af ofansögðu má ráða að fyrirliggjandi frumvarp til mannvirkjalaga er með það miklum annmörkum að rétt er að leggja það alfarið til hliðar og vinna að nýju.

Til að varða veginn í þeirri uppbyggingu sem nú stendur fyrir dyrum þarf skýran og aðgengilegan lagaramma sem byggir á markvissri framtíðarsýn og sjálfbærni, lög sem eru leiðarljós við endurreisn og uppbyggingu.

ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR GREINAR:

I. KAFLI Almenn ákvæði.

1. gr. Markmið.

Lagt er til að í fyrstu grein laganna komi nýr a.- og b.-liður og aðrir liðir komi óbreyttir þar á eftir.

Markmið laga þessara er:

- a. Að stuðla að vandaðri húsagerðarlist og annarri mannvirkjagerð, þar sem yfirvegum og fagmennska móta umhverfi um líf og athafnir fólks.
- b. Að gæta þess að unnið sé í anda menningarstefnu stjórnvalda í mannvirkjagerð.

II. KAFLI Stjórnvöld mannvirkjamála.

6. gr. Forstjóri Byggingarstofnunar og annað starfslið.

Í 1. mgr. segir „Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verkswiði stofnunarinnar”. Ýtarlegri skilgreiningu á hæfniskröfum forstjóra vantar. Hvaða prófgráður þurfi til og í hvaða fagi, auk skilyrða um reynslu. Eðlilegt væri að gera kröfu um að forstjórinn verði arkitekt eða verkfræðingur með löggildingu sem hönnuður og starfsreynslu sem metin er fullnægjandi samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð.

8. gr. Byggingarfulltrúar.

Í 3. mgr. segir „Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 25. gr. og skal sveitarstjórn senda Byggingarstofnun tilkynningu um ráðningu hans.“. Til að tryggja rétta faglega ákvörðun og afgreiðslu þarf að gera ríkari kröfur til byggingarfulltrúa þar sem ekki er tryggt að hönnuðir hafi þann faglega bakgrunn sem nauðsynlegur er.

Í 4. mgr. segir „Byggingarfulltrúa eða starfsmönnum hans er óheimilt að vinna nokkuð það starf sem kann að koma til afgreiðslu í umdæmi hans nema með sérstöku samþykki sveitarstjórnar“. Lagt er til að síðasti hluti setningarinnar falli niður þar sem ekki er séð að þessi heimild sveitarstjórnar sé æskileg. Þessi heimild stangast á við 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37 1993. Nauðsynlegt er að afgreiðslur byggingarfulltrúa og starfsmanna hans séu hafnar yfir allan vafa. Auk þess er óheppilegt að starfsmenn hins opinbera séu í samkeppni um verk á frjálsum markaði.

III. KAFLI Byggingarleyfi.

9. gr. Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Í 1. mgr. er meðal annars kveðið á um undanþágu rafveitna frá byggingarleyfi. Mannvirki vegna rafveitna eru áberandi í umhverfinu og því eðlilegt að þau falli undir ákvæði um byggingarleyfi.

13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.

Í 5. tölulið er kveðið á um gæðakerfi byggingastjóra og iðnmeistara. Skv. almennum athugasemdum eru þessi ákvæði yfirkeyrð. Þetta er íþyngjandi ákvæði sem mun flækja umhverfi framkvæmda og auka kostnað.

Í 6. tölulið er kveðið á um samræmingaraðila. Vísað er til almennra athugasemda þar um. Núverandi fyrirkomulag byggir á því að hönnuður aðaluppdráttá sjái um samræmingu. Í greinargerð með frumvarpinu er því slegið fram að samræmingarhönnuður hafi takmarkaða möguleika á að hafa yfirlit yfir verk sitt. Fullyrðingar hvað þetta varðar eru úr lausu lofti gripnar. Enginn sem kemur að hönnun mannvirkja hefur meiri eða betri yfirsýn en hönnuður

aðaluppdráttu. Með því fyrirkomulagi sem nú er verið að leggja til eru tengsl rofin milli hönnuðar aðaluppdráttu og annarra hönnuða. Þetta býður ýmissi hættu heim og er í mótsögn við markmið laganna um að " tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar".

Eðlilegra fyrirkomulag væri að gera ráð fyrir því að hönnuður aðaluppdráttu sé samræmingaraðili, en hafa í lögunum heimild til að skipa sérstakan samræmingaraðila samkvæmt nánar útfærslu í reglugerð eins og nógildandi lög gera ráð fyrir.

IV. KAFLI Ábyrgð eiganda mannvirkis og framkvæmd byggingareftirlits.

15. gr. Ábyrgð eiganda mannvirkis.

Í þessari grein eru ríkar skyldur lagðar á eigendur mannvirkja. Þær skyldur eru ekki í samræmi við skyldur eiganda varðandi aðrar eignir eða kaup á annarri þjónustu en ráðgjöf vegna mannvirkjagerðar. Það getur ekki talist réttmætt að leggja þá ábyrgð og eftirlitsskyldu á eiganda að tryggja að þeir sem hann kaupir af vöru og þjónustu fari að lögum og reglum.

17. gr. Framkvæmd eftirlits með mannvirkjum.

Í 5. mgr. er kveðið á um gæðastjórnunarkerfi og vottun þeirra. Ákvæði um gæðastjórnunarkerfi eru yfirkeyrð og ofnotuð sbr. almennar athugasemdir.

21. gr. Hæfi skoðunarmanna.

Í c lið er kveðið á um skilyrði fyrir skoðunarmanni III. Arkitekt með sambærilega reynslu og verk- og tæknifræðingur er jafn hæfur sem skoðunarmaður III.

V. KAFLI Hönnun mannvirkja.

23. gr. Ábyrgð hönnuða.

Í 4. mgr. er kveðið á um samræmingaraðila..... sjá almennar athugasemdir og athugasemdir við 13. grein 6. tölulið.

24. gr. Gæðastjórnunarkerfi hönnuða og samræmingaraðila.

Ákvæði um gæðastjórnunarkerfi eru yfirkeyrð og ofnotuð sbr. almennar athugasemdir.

25. gr. Löggilding hönnuða.

Hér er fjallað um löggildingu á sérsviðum. Þar kemur fram að arkitektar, byggingarfræðingar auk byggingarverkfræðinga og byggingatæknifræðinga, sem hlotið hafa tiltekna starfsreynslu, geti hlotið löggildingu Byggingarstofnunar til að gera aðal- og byggingaruppdrætti. Ef fylgja á markmiðum laganna sbr. 1. gr. þar sem segir m.a. "að tryggja skuli faglegan undirbúning mannvirkjagerðar", er rétt að sá sem hlýtur löggildingu á sérsviði hafi til þess menntun og sérþekkingu. Arkitektar eru þeir einu af ofangreindum fagaðilum sem hafa sérfræðimenntun í gerð aðaluppdráttu. Það getur vart þjónað markmiðum laganna að tryggja mönnum þann möguleika að ávinna sér réttindi til löggildangar með starfsreynslu án formlegrar fagmenntunar.

Ekki er gætt jafnræðis í menntunarkröfum til starfstéttar til að hljóta réttindi til löggildingar. Gerð er krafa um að arkitektar hafi lokið meistaraþrófi í arkitektúr, en byggingarfræðingar geta ná sömu réttindum með þriggja ára námi, sem ekki krefst stúdentsþrófs.

Ef löggilding til að gera aðaluppdrætti við arkitekta er ekki einskorðuð við arkitekta er eðlilegt að sett verði fram flokkun á mannvirkjum og réttindi séu takmörkuð í takt við menntun. Þá má hugsa sér að takmarkanir á því séu alfarið teknar út. Það mun hinsvegar kalla á að strangari hæfniskröfur verði gerðar til byggingarfulltrúa.

26. gr. Skilyrði fyrir löggildingu hönnuða.

Í b. lið er kveðið á um próf til löggildingar. Hér er um óréttmæta löggjöf að ræða. Námskeið um gildandi lög og reglur eru með öllu óþörf. Sérfræðingar með 5 ára háskólamenntun og meira eiga að vera fullfærir um að tileinka sér þau lög og reglur sem gilda hér á landi hjálparlaust. Hvað varðar séríslenskar aðstæður sem hönnuðir verði að tileinka sér þá eru þær aðstæður gróflega ofmetnar og snúa fyrst og fremst að búrahætti og menningarstigi þjóðarinnar.

VI. KAFLI Byggingarstjórar og iðnmeistarar.

28. gr. Starfsleyfi byggingarstjóra.

Í 5. mgr. er fjallað um hverjir fái starfsleyfi til að sinna umsjón með framkvæmdum sem falla undir 1.-3. tölulið 4. mgr. 27 gr.. Arkitekt með sambærilega reynslu og verk- og tæknifræðingur er jafn hæfur sem byggingastjóri.

31. gr.

Ákvæði um gæðastjórnunarkerfi eru yfirkeyrð og ofnotuð sbr. almennar athugasemdir.

Reykjavík 9. apríl 2010
fyrir hönd stjórnar og laganefndar Arkitektafélags Íslands

Sigríður Magnúsdóttir formaður